



# MÓTA- OG KEPPENDAREGLUR GSÍ

## 1. kafli Opin mót

### 1. gr.

Reglur þessar gilda um opin mót sem háð eru innan vébanda Golfsambands Íslands (GSÍ). Opið mót er golfkeppni skipulögð og haldin af GSÍ og/eða aðildarklúbbum þess, þar sem fleiri en einum golfklúbbi, eða félögum úr fleiri en einum golfklúbbi, er heimil þátttaka.

### 2. gr.

Ef einstakir golfklúbbar eða sérsambönd innan GSÍ hafa eigin móta- og keppendareglur skulu þær innihalda ákvæði um eftirtalin atriði:

- a) Mótahald, þ.m.t. leyfi til mótahalda, auglýsingar móta og þátttökutilkynningar.
- b) Reglur um þátttöku, þ.m.t. hlutgengi keppenda og félagsréttindi. Þar skal m.a. koma fram að hlutgengi keppenda sé háð aðild þeirra að félagi innan GSÍ.
- c) Reglur um mótmæli, kærur og viðurlög.
- d) Reglur um hvernig brugðist skuli við þegar móti er frestað.
- e) Reglur um keppendur, þ.m.t. framkomu, klæðaburð og tilkynningu um forföll.
- f) Reglur um hvort keppt sé með eða án forgjafar.
- g) Reglur um dómara og starfsmenn móta.

### 3. gr.

#### Íslandsmeistaramót og önnur landsmót

Ákvörðun GSÍ um öll Íslandsmeistaramót og stigamót skal tekin á stjórnarfundum GSÍ og kynnt golfklúbbum með hæfilegum fyrirvara. Félagar þeirra klúbba sem halda Íslandsmeistaramót eða stigamót GSÍ geta leikið á öðrum golfvöllum með greiðslu 50% vallargjalds gegn framvísun félagsskírteinis, þegar áður nefnd mót loka eðlilegum leik.

### 4. gr.

#### Auglýsingar

Alþjóðamót, Íslandsmeistaramót og önnur landsmót skulu auglýst með eigi minna en tveggja mánaða fyrirvara. Stigamót skal auglýsa með minnst 10 daga fyrirvara. Önnur opin mót skal auglýsa með minnst þriggja daga fyrirvara.

### 5. gr.

#### Mótsstjórn / Nefndin

Hverjum þeim, er heldur opið mót, er skylt að skipa mótsstjórn til að annast framkvæmd þess og sjá til þess að farið verði að eftirfarandi kröfum:

- a) Að leikið sé eftir reglum The R&A Rules Ltd. og að farið sé eftir þeirra reglum um notkun bolta og úrslit móta. Ef ekki er í keppnisáskilmálum ákvæði um röðun í verðlaunasæti, ef keppendur eru jafnir skal fara þannig að:

Í keppni án forgjafar



1. skal leika umspil eða bráðabana.
2. skulu ef mótstjórnin/nefndin telur að bráðabani geti ekki farið fram vegna veðurs eða birtuskilyrða, úrslit ákvarðast með því að bera saman skorkort þannig að sigurvegari telst sá er hefur lægra skor síðustu 36 holur og ef enn er jafnt þá síðustu 18 holur vallarins, þá síðustu 9 holur vallarins, svo síðustu 6 holur vallarins, síðan síðustu 3 holur vallarins og að lokum skor á 18. holu
3. skal hlutkesti ráða röðun ef úrslit nást ekki eins og að framan greinir.

#### Í högggleik með forgjöf

1. skal reikna síðustu níu holurnar með helmings forgjöf, ef keppendur eru enn jafnir
2. skal reikna síðustu sex holurnar með þriðjungi forgjafar, ef keppendur eru enn jafnir
3. skal reikna síðustu þrjár holurnar með einum sjötta forgjafar og ef það dugar ekki
4. skal reikna síðustu holuna með einum átjándi forgjafar.
5. Ef úrslit nást ekki eins og áður greinir, skal hlutkesti ráða röðun.

#### Í punktakeppni með forgjöf

1. skal punktafjöldi með forgjöf síðustu níu holurnar ráða, ef keppendur eru enn jafnir
2. skal punktafjöldi með forgjöf síðustu sex holurnar ráða, ef keppendur eru enn jafnir
3. skal punktafjöldi með forgjöf síðustu þrjár holurnar ráða og ef það dugar ekki
4. skal punktafjöldi með forgjöf á síðustu holu ráða.
5. Ef úrslit nást ekki eins og áður greinir, skal hlutkesti ráða röðun.

- b) Að í auglýsingum um opin mót komi fram almennir keppnisskilmálar. Í keppnisskilmálunum skal koma greinilega fram hvers eðlis keppnin sé, hvenær skráningu lýkur, hvernig úrslit ráðast ef keppendur eru jafnir og hvenær verðlaunaafhending fer fram. Hlutgengi keppenda þ.e. kynjatakmerkun, forgjafartakmörk og/eða aldurstakmörk ef þau eru og af hvað teigum hver skuli leika. Þá skal taka fram hvort æfingahringur, án endurgjalds sé heimilaður.
- c) Heimilt er mótshaldara að hafa keppnisvöll í almennum opnum mótum opinn til æfinga.
- d) Að áður en æfing skv. c-lið hefst skuli að jafnaði teigar og flatir og merking golfvallarins vera á þann veg að væntanlegum keppendum gefist kostur á að leika hann eins og hann verður í mótinu. Fjarlægðarvísar skulu sýna fjarlægð að flöt.
- e) Að staðarreglur séu fyrir hendi þegar á fyrsta æfingadegi, auk ákvæða um leikhraða. Mótstjórn getur eftir það aukið við eða breytt staðarreglum vegna breytts ástands leikvallar eða aðstæðna, eða til að leysa vanda sem síðar kemur í ljós.
- f) Að rástímar í fyrstu umferð liggi fyrir í síðasta lagi kl. 20:00 daginn fyrir mótíð. Mótstjórn er heimilt að skrá inn þátttakendur í ónotaða rástíma eftir að auglýstri skráningu lýkur. Röðun leikmanna í fyrstu umferð er mótstjórn frjáls. Rástímar



síðari umferða skulu liggja fyrir eigi síðar en 1 klst. eftir að síðasti ráshópur lauk umferð. Rásröð leikmanna í síðari umferðum ákvarðast þannig að lægsta skor sem kemur fyrst inn hlýtur síðasta rástíma og síðan koll af kalli. Þetta gildir þó ekki um rástíma og leikröð keppenda í stigamótum, Íslandsmótum í högggleik og holukeppni, þar sem um slík mót gilda sérstök ákvæði. Ef leikið er í sérstökum flokki eingöngu með forgjöf raðast leikmenn eftir fyrrgreindri reglu miðað við nettóskor þeirra.

- g) Að keppandi sé fullgildur félagi innan golfsambandsins og er mótsstjórn heimilt að meina keppanda þátttöku ef ekki er hægt að færa sönnur á slíka aðild.
- h) Að veita skuli verðlaun í hverjum flokki og skýrt komi fram réttur keppenda um hvort hann geti unnið til verðlauna bæði með eða án forgjafar.
- i) Öll golfmót á vegum golfklúbba innan vébanda GSÍ skal setja upp á vef Golfsambandsins, [www.golf.is](http://www.golf.is). Mót skulu gerð upp og vera frágengin innan 2 daga frá lokum mótsins.
- j) Í forgjafarkeppni, þar sem leikið er um verðlaun, geta þeir einir unnið til verðlauna sem uppfylla skilyrði WHS forgjafarkerfisins um gilda forgjöf.

## 2. kafli

### Þátttöku- og keppendareglur

#### 6. gr.

##### Hlutgengi keppenda

Rétt til þátttöku í opnum mótum hafa, áhuga- og atvinnukylfingar, með gilda forgjöf sem eru fullgildir meðlimir í viðurkenndum golfklúbba. Golfklúbbar hafa heimild til að setja í keppnisskilmála þrengri ákvæði um forgjöf. Erlendir kylfingar með heimaklúbb innan vébanda GSÍ og með skráð lögheimili á Íslandi, hafa rétt til þátttöku í opnum mótum. Í opnum mótum hefur mótsstjórn heimild til að leyfa þátttöku erlendra kylfinga, enda sýni þeir fram á að þeir uppfylli tilskilin félaga- og forgjafarskilyrði.

#### 7. gr.

##### Félagsréttindi

Kylfingar mega aðeins keppa í sveitakeppnum GSÍ fyrir einn golfklúbb á hverju ári. Með sveitakeppnum GSÍ er átt við Íslandsmót golfklúbba og aðrar liðakeppnir golfklúbba.

#### 8. gr.

##### Aldursákvæði

Golfklúbbar hafa heimild til að setja takmörk um aldur keppenda. Ef þátttaka er háð ákvæðum um aldur eða keppendum er skipt í aldursflokka, skal það vera meginregla að miða aldur við almanaksár.

#### 9. gr.

##### Forföll

Mótshaldara er heimilt að krefjast greiðslu þátttökugjalda við skráningu. Reglur um



endurgreiðslu vegna forfalla skulu koma fram í upplýsingum um mótið á golf.is. Komi reglur um endurgreiðslu ekki fram þar á keppandi rétt á endurgreiðslu þátttökugjalds boði hann forföll til mótsstjórnar/nefndarinnar, fyrir kl. 18:00 daginn fyrir fyrsta keppnisdag.

#### **10. gr.**

##### **Framkoma og ábyrgð**

Keppandi skal koma heiðarlega og dregilega fram við keppinauta sína og eigi beita óleyfilegum brögðum. Hann skal sýna dómurum og starfsmönnum mótsins tilhlýðilega virðingu og eigi fara niðrandi orðum um þá eða áhorfendur.

Keppandi skal ávallt reyna að gera sitt besta og eigi hætta keppni að ástæðulausu. Keppandi er sjálfur ábyrgur fyrir því að allar persónulegar upplýsingar séu réttar, svo sem aldur, flokkur, grunnförgjöf og keppnisréttindi. Hann æfir sig og keppir á eigin ábyrgð, og ber mótsstjórn/nefnd mótsins því enga ábyrgð á meiðslum, er hann kann að verða fyrir.

Keppendur og aðrir þeir sem koma að framkvæmd golfmóta skulu hafa siðareglur ÍSÍ og hegðunarviðmið þess í heiðri og haga störfum sínum og framkomu í samræmi við það sem þar kemur fram.

Keppendum og öðrum þeim sem koma að framkvæmd golfmóta er óheimilt að taka með beinum eða óbeinum hætti þátt í veðmálum, fjárhættuspilum, happdrætti og þess háttar viðburðum eða viðskiptum í tengslum við golfmótið.

Brjóti keppandi einhverja af framanskráðum reglum, á hann á hættu að sæta refsingum, þar á meðal að vera vikið úr keppni.

#### **11. gr.**

##### **Klæðaburður**

Keppandi skal mæta til keppni snyrtilega klæddur. Sé einhver þannig klæddur að ósæmilegt megi teljast getur mótsstjórn/nefndin bannað honum að keppa.

### **3. Kafli**

#### **Dómarar og starfsmenn**

#### **12. gr.**

##### **Almennar skyldur**

Dómari skal tilnefndur fyrir sérhvert opið mót. Dómarar skulu haga störfum sínum í samræmi við þær reglur sem dómáranefnd GSÍ gefur út. Fulltrúi mótsstjórnar/nefndar og dómari skulu vera til staðar á meðan mótið fer fram. Dómarar og starfsmenn opinna móta skulu tímanlega fyrir mót ganga úr skugga um að allar aðstæður séu viðunandi og samkvæmt lögum og reglum. Stjórn GSÍ hefur heimild til þess að tilnefna eftirlitsmann fyrir sérhvert opið mót. Verkefni slíks eftirlitsmanns er að gæta þess að mótið fari fram samkvæmt reglugerð þessari og/eða öðrum reglum GSÍ.

Dómari í móti sem haldið er af GSÍ eða sem veitir stig á stigalistum GSÍ skal skila um það dómarskýrslu til dómáranefndar GSÍ innan viku frá lokum móts, á þar til gerðu eyðublaði.



#### **4. KAFLI MÓTMÆLI OG KÆRUR**

##### **13. gr.**

##### **Mótmæli og athugasemdir**

Keppendur, liðsstjórar og eftirlitsmaður GSÍ hafa heimild til að gera skriflegar athugasemdir við framkvæmd móts. Slíkar athugasemdir skulu koma fram áður en móti lýkur. Fallist mótsstjórn/nefndin ekki á athugasemdir aðila, ber henni án tafar að gera skriflega, rökstudda grein fyrir úrskurði sínum. Úrskurði þessum er heimilt að skjóta til viðkomandi dómstóls.

##### **14. gr.**

##### **Kærum**

Kæra skal meint brot á reglugerð þessari til viðkomandi nefnda Golfsambandsins eða dómstóls eftir því sem við á og skal með slík mál farið skv. dóms- og refsíákvæðum ÍSÍ og ákvæðum laga GSÍ.

##### **15. gr.**

##### **Viðurlög**

Viðurlög við brotum á reglugerð þessari varða áminningu, keppnisbanni eða sektum allt að kr. 100.000.-, ef brot er alvarlegt eða ítrekað.

*Þannig samþykkt af stjórn GSÍ 28. apríl 2025.*